

✉ Re: Fwd: Umsagnaraðili: Langanesbyggð - skipulagslýsing

Búið til	12.4.2022 16:29:10
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	12.4.2022 16:29:09
Tilheyrir	📁 202203-0062 - Langanesbyggð - skipulagslýsing

Efni

Re: Fwd: Umsagnaraðili: Langanesbyggð - skipulagslýsing

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	12.4.2022 16:29:09	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	anna@tsnl.is, skipulag@langanesbyggd.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsinguna.

Með kveðju og gleðilega páska

Tilvísun í mál nr. 202203-0062 (BK).

Vísað er til tölvupósts frá Teiknistofu Norðurlands, fyrir hönd Langanesbyggðar, dags. 29. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 um veglínu Brekknaheiðarvegur.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Fyrirhuguð breikkun og ný veglagning er á stofnvegi frá Langanesvegi við Þórshöfn um Brekknaheiði að núverandi slitlagsenda í Vatnadal. Framkvæmdin fylgir að mestu núverandi vegi. Mólendi, aðallega fjalldrapamóavist, eru ríkjandi á svæðinu en inn á milli eru votlendisflákar, einkum brokflóavist og tjarnastararflóavist en einnig starungsmýravist og runnamýravist, allt vistgerðir með mjög hátt verndargildi.

Á allnokkrum stöðum við fyrirhugað vegstæði eru yfir 2 ha samfelldir votlendisflákar og falla því undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Mögulega er útbreiðsla votlendis nokkuð meiri á svæðinu en vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands gefur til kynna en fjalldrapi og víðir eru sums staðar áberandi innan um votlendisgróður og því getur verið erfitt að greina runnaríkt votlendi frá fjalldrapamóavist. Í ofangreindum vistgerðum má einnig gera ráð fyrir miklu fuglalífi, svo sem háum þéttleika heiðlóu, lóupræls, hrossagauks, spóa, óðinshana, þúfutittlings, rjúpu og kjóa.

Að teknu tilliti til mögulegra áhrifa fyrirhugaðra vegaf framkvæmda á verðmætar vistgerðir og fuglalíf er það mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að full ástæða sé til að kanna betur þessa umhverfisþætti innan framkvæmdarsvæðis með athugunum á vettvangi. Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita frekari ráðgjöf um slíkar athuganir ef þess er óskað.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Anna Kristín landslagsarkitekt" <anna@tsnl.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Fwd: Umsagnaraðili: Langanesbyggð - skipulagslýsing
Date: 29.3.2022 17:00:49

Góðan daginn

Fyrir hönd Langanesbyggðar sendum við á Teiknistofu Norðurlands hér með skipulagslýsingu til umsagnaraðila skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagslýsingin gerir grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 um veglínu Brekknaheiðarvegar.

Umsagnir og ábendingar skulu sendar fyrir 12. apríl á netfangið skipulag@langanesbyggd.is (mailto:skipulag@langanesbyggd.is) eða skrifstofu Langanesbyggðar, Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn.

Skipulagslýsing ásamt bréfi til umsagnaraðila er í viðhengi með tölvupósti þessum.

Bestu kveðjur, Anna

Anna Kristín Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt FÍLA

Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 - 600 Akureyri - tsnl.is (<http://tsnl.is/>)



Viðhengi

image001.png (5 KB)